

Það var við hinni frjálsu hugsun sérstaklega að kyrkjan amaðist þarna, og það hefir hún aðið gert. Og þó fær engin því nokkurutíma hnekt, að hin frjálsa hugsun er undirstaða alls frelsis, en sjálfs frelsisins ímynd (emblem), og framþróunarinnar og framfaranna fyrirrennari, hún, og ekkert annað. Áhugi og löngun hinnar fjölmörgu kjörinna gæfugmenna á Rómá þingina var sá og sú, að reyna að veita vöxt og viðgang einstaklings hamingjunni, vekja og knýja á stað alment þjóðafrelsi og teyna að undirbúa að alþjóða samþýðleikur og samræmi komist á. Það var friðurinn á jörðinni og guðs velþóknun meðal mannanna, sem var aðalaugnamiðið, sem æ er líka markmið sannarlegra og alvarlegra fríhyggjumanna, þeirra sem skynsemi sína brúka til réttrar yfirvegunar, alt í líking við Krist sjálfan.

Tvö þúsund ár hafa nú liðið síðan samkvæmt hinni orþodoxu kenningu, að englar hins alvalda guðs stigu niður í gegnum hina bláu himinhvelsing, með hinn glaðvara og velkomna boðskapinum: „Friður á jörðu og guðs velþóknan yfir mönnunum“. En hvað hefir svo skeð? Í staðinn fyrir að þessi friður, þessi góði vilji og velþóknunin hafi innleidd verið, þá hafa aldirnar þær er síðan hafa liðið, orðið nafnunnar, já, sorgfrægar fyrir ófrið, missættir og hatur. Í stað hins boðaða friðar og hamingju, höfum vér meinnirnir stöðugt haft óeining og ból, ósátt og sundrung nálega í öllum lífsins hlutföllum, einstaklega sem alment, og svo þar af leiðandi eymd og ógæsu.

Rólega heldur kyrkjan áfram og hinn fjölmenni klerkalýður ár ár eftir ár og öld eftir öld að boða friðinn á jörðinni og velþóknunina. En hvar er svo þetta að finna? Það má fullyrða, að þetta sé enn í sömu fjarlægðinni, sem var, er englarnir forðum áttu að koma og boða þetta. Vér þurfum eigi að telja hér upp dæmi þess; menn heyra þau, sjá þau daglega, þekkja þau vel út í æsar. Enn þá dylst oss heldur ekki, að þessi hin svo nefnda orþodoxa kyrkja er alsendis ómegnug um að vinna þetta sitt ætlunarverk. Hún er alveg út af sporinu komin og þetta bákn er svo þungt, að engin mannlegur kraftur megnar því að lyfta á hið rétta sporið astur. Og að hún fór svona öfug út af,